

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara á Tjörnesi, frá Máná til Auðbjargarstaða.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2020/7



BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR

Forsíðumynd: Hringsjá á Imbupúfu á Auðbjargarstöðum, mynd tekin í suð-austur.



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

© Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2020/7

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	4
SAMANTEKT.....	9
HEIMILDASKRÁ.....	10

1. Inngangur

Skýrslu höfundur var beðinn að annast fornleifaskráningu á fyrirhugðu framkvæmdasvæði Tengis vegna lagningu ljósleiðara á Tjörnesi. Áform eru uppi um að leggja ljósleiðara frá Mána í Tjörneshreppi til Auðbjargarstaða í Kelduneshreppi. Stór hluti að leiðinni liggur nærri þjóðveginum. Það eru þó þrír staðir sem framkvæmdasvæðið fylgir eldri vegi sem er nokkuð frá þjóðveginum.

Fornleifaskráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í byrjun september 2020. Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmönnum fyrir upplýsingar um fornleifar og staðarhætti og landeigendum fyrir leyfi til þess að ganga um landið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2361.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mögröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁷

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 1996 til 2019 á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga, niðurhalsgögn frá Landmælingum Ísland. Ásamt því að tala við heimildarmenn sem þekktu vel til á svæðinu.

Til voru mjög ítarlegar fornleifaskráningar á svæðinu en Fornleifastofnun Íslands hafði gert fornleifaskráningu í Kelduneshreppi og Tjörneshreppi. Fornleifakönnun á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Tjörnesveg ásamt fornleifarannsókn á Bangastöðum vegna Tjörnesveg. Þrátt fyrir góð gögn þá voru skekkjumörk gps hnita töluvert meiri þegar þessar skráningar voru gerðar á árunum 2000-2008 heldur en er í dag.

Farið var í vettvangskönnun þar sem farið var um svæðið og þar sem minjastaðir fundust um eða innan 15 m frá framkvæmdasvæðinu, þá voru þeir hnitsettir (ÍSN93). Upplýsingar skráðar um þá, staðir ljósmyndaðir og mældir upp með trimble stöð. Kortin voru svo unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 2019. Þrátt fyrir að það hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

⁷ Heimasíða Minjastofnunnar.

4. Fornleifaskráning

Mána:

Fornleifanúmer: 2361-01

Hnit: A585290.4 N634879.8 ISN93

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Lind

Norður frá bæjarhólnum á Mána spretta upp tveir Gvendarbrunnar undan þjóðveginum í norðurenda hans. Liggja þeir þétt upp við þjóðveg⁸ og eru um 18 m á milli þeirra. Sagt er að þjóðvegurinn liggi yfir hluta uppsprettunnar enda virðist vatnið koma undan þjóðveginum.⁹



Mynd 1. Gvendarbrunnar á myndinn má sjá tvær uppsprettur, mynd tekin af þjóðveginum til norðurs.

⁸ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 21.

⁹ Oddgeir og Orri, 2000, bls. 21.

Fornleifanúmer: 2361-02

Hnit: A588696.8 N634991.5 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Varða

Í kringum 3,4 km í austur frá bæjarhólnum á Máná er varða. Liggur hún skammt suð-vestan við gamlan veg þar sem ljósleiðarinn verður lagður. Varðan er um 1,3 m á hæð og þvermál um 1,5 m. Hún er mjög heilleg að sjá og virðist hafa verið haldið vel við.



Mynd 2. Varða skammt suð-vestan við gamlan veg sem liggur innan Mána, mynd tekin í suður.

Bangastaðir:

Fornleifanúmer: 2361-03

Hnit: A590557.5 N632865.6 ISN93

Hlutverk: Tóft

Tegund: Útihús

Í fornleifaskráningu Fornleifastofnunnar Íslands frá Kelduneshreppi segir frá Engidalsstekk sem er nyrst í Engidal rétt ofan við veg og sjáist vel fyrir veggjum. Þar segir að hún standi af þremur hólfum.¹⁰ Við vettvangskönnunina sást stekkur skammt ofan við þjóðveginn um 20 vestan við hann. Í þessari tóft var þó aðeins hægt að greina eitt hólfi 7,5 m á lengd og 6 m á breidd og veggjahæð um 0,7-1 m. Það var þá töluvert rask í kringum hólfið sem ekki var hægt að greina nákvæmlega vegna mikils gróðurs og hve óreglulega það virtist vera. Þegar loftmynd er skoðuð eða ljósmyndin sem var tekinn á vettvangi þá sést aðeins eitt hólfi. Fyrirhuguð ljósleiðaralögn stefnir beint í gegnum tóftina. Önnur tóft var skráð um 30 m austan við þessa í skráningunni frá Kelduneshreppi.¹¹ Sú tóft var þó grafinn upp 2002 vegna rasks við veglagningu.¹²



Mynd 3. Engidalsstekkur, mynd er tekin í suð-austur

¹⁰ Stefán, Oddgeir og Þóra, 2008 bls. 116.

¹¹ Stefán, Oddgeir og Þóra, 2008 bls. 116.

¹² Birna, Elín og Ragnar, 2003, bls. 5.

Auðbjargarstaðir:

Fornleifanúmer: 2361-04

Hnit: A592251.0N627354.9 ISN93

Hlutverk: Heimild

Tegund: Draugur

Í örnefnaskrá segir „Upp af urðinni, Höfninni og sem framhald af Valabjörgum, er bjargveggur allmikill, sem heitir Hafnarbjörg. Yzt á Hafnarbjörgum er stök þúfa, sem heitir Imbupúfa, dregur nafn af kvenmanni, sem þar fór óvart fram af. Þykir þar reimt og ekki hollt taugaóstyrkum að vera einum á ferli.“¹³ Á Imbupúfu er hringsjá¹⁴ og þar er góður útsýnisstaður.



Mynd 4. Hringsjá á Imbuhól, mynd tekin í suð-austur.

¹³ Örnefnaskrá, Fjöll og Auðbjargarstaðir, bls. 4.

¹⁴ Stefán, Oddgeir og Þóra, 2008 bls. 154.



Nafn MÁNÁ - AUÐBJARGARSTAÐIR	Dags. 13.09.2020 hj	Skýringar:	 BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
		Fornleifar og heimildir um fornleifar á framkvæmdasvæði Tengis vegna lagningu ljósleiðara í landi Mánár, Bangastaða og Auðbjargarstaða.	
Tjörneshreppur - Kelduneshreppur	Mælikv. 1:28000 í A3		Unnið eftir mynd nr. 690/691/gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2019

5. Samantekt

Framkvæmdasvæði ljósleiðara Tengis nær yfir þrjár jarðir, Máná í Tjörneshreppi og svo Bangastaðir og Auðbjargarstaðir í Kelduneshreppi. Máná er enn í byggð og er Mánabakki byggður út úr henni, en hinar tvær jarðirnar eru komnar í eyði. Landið sem fyrirhugaður ljósleiðari Tengis fer í gegnum er vel skráð en bæði hafa verið gerðar ítarlegar fornleifaskráningar á jörðunum og svo einnig á framkvæmdasvæði Tjörnesvegar, en ljósleiðarinn á að fylgja honum að mestu leyti. Þar sem langt síðan eldri fornleifaskráningar voru gerðar þá þurfti að yfirfara þær og þá einna helst nákvæmni gps hnitanna sem er mikið betri í dag en var þá.

Þegar búið var að skoða skráðar fornleifar og staðsetja þær samkvæmt nákvæmari hnitum, skoða loftmyndir og fá upplýsingar hjá heimildarmönnum, þá voru það ekki margir staðir sem voru innan 15 m friðhelgunarsvæði fornleifa. Aðeins var hægt að staðsetja fjóra staði sem gætu verið innan eða nálægt þeim mörkum. Það var þó helst selið á Bangastöðum sem ljósleiðarinn stefnir í gegnum. Það ætti þó að vera hægt að færa framkvæmdasvæðið töluvert nærri þjóðveginum til þess að raska ekki tóftinni. Hinir þrír staðirnir ættu að sleppa án þess að breyta einhverju. Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að lítið hafi fundist á vettvangi þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

6. Heimildaskrá

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnar Edvardsson. (2003). Fornleifarannsóknir á tóft á Bangastöðum og garðlagi í Valadal á Tjörnesi 2002. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Stefán Ólafsson (ristjóri). Oddgeir Hansson, Stefán Ólafsson og Þóra Pétursdóttir. (2008). Fornleifaskráning í Kelduneshreppi, Fyrri bindi. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Stefán Ólafsson (ristjóri). Oddgeir Hansson, Stefán Ólafsson og Þóra Pétursdóttir. (2008). Fornleifaskráning í Kelduneshreppi, Síðara bindi. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Oddgeir Hansson og Uggi Ævarsson. (2002). Fornleifakönnun, Norðausturvegur um Öxafjarðarheiði. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Oddgeir Hansson og Orri Vésteinsson. (2000). Fornleifaskráning á Tjörnesi. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Örnefnaskrá:

Örnefnaskrá, Fjöll og Auðbjargarstaðir. Kelduneshreppur. Norður-Þingeyjarsýsla. Samleskið K.E. Örnefnastofnun.

Heimildarmenn:

Bjarni Sigurður Aðalgeirsson, 1964, Mánárbakki, Húsavík.

Gunnar Hallgímsson, 1948, Klambreseli, Húsavík.